

# Fundargerð 74. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 20. júní kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri.

Steinþór Þórðarson tók þátt í fundinum í fjarfundi.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 73. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 16. maí sl., lögð fram til samþykktar.

*Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun - 2012018SA

Sambandið og Umhverfisstofnun undirrituðu samning, dags. 8. júní 2021, um vinnu við gerð handbókar fyrir úrgangsstjórnun sveitarfélaga. VSÓ-ráðgjöf sem var fengin til að halda utan um verkefnið hefur skilað tillögu að handbókinni og hefur henni verið komið til Umhverfisstofnunar sem hefur það hlutverk að gefa hana út. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnar 16. maí sl. Tillaga að handbók, tímasett í júní 2022, lögð fram til kynningar, með fyrirvara um að ekki er um endanlega útgáfu að ræða.

*Verkefnisstjórn lýsti ánægju með að handbókin er komin fram. Rætt var um hvernig staðið verði að kynningu á henni og kom fram að mikil þörf er fyrir fræðslu fyrir nýjar sveitarstjórnir um úrgangsmál og málefni hringrásarhagkerfisins. Sér í lagi er varðar þær breytingar sem taka eiga gildi um áramót. M.a. var rætt um möguleika á að nýta Sveitarfélagaskólann í þessum tilgangi. Einnig var rætt um þörf fyrir endurskoðun svæðisáætlana og samþykka sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs, en í viðauka við handbókina eru sérstakar leiðbeiningar um vinnslu þeirra stjórnækja.*

### 3. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Innan Úrvinnslusjóðs stendur yfir vinna vegna lagabreytinga síðastliðið sumar. Í lagabreytingunum er gert ráð fyrir að framleiðendaábyrgðin, í gegnum starfsemi Úrvinnslusjóðs, muni koma til með að ná yfir stærrí hluta af kostnaði sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Verkefnisstjórnin hefur fjallað um málið á síðustu fundum sínum og fyrir liggur minnisblað fulltrúa sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs um fyrirliggjandi breytingar á framleiðendaábyrgð á sérstakri söfnun, dags. 23. mars sl. Úrvinnslusjóður

hefur óskað eftir álitum umhverfi-, orku- og loftslagsráðuneytisins á innleiðingu á lagabreytingum er varða sérstaka söfnun.

Magnús Jóhannesson, formaður og Ólafur Kjartansson framkvæmdarstjóri Úrvinnslusjóðs komu á fundinn, sögðu frá þeim breytingum sem eru að verða á sjóðnum vegna lagabreytinganna sl. sumar og snerta starfsemi sveitarfélaga og kostnaðar þeirra vegna meðhöndlunar úrgangs og svöruðu spurningum fundarmanna. Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á flutningsjöfnun og mikilvægi þess að til staðar séu áreiðanleg gögn um magn úrgangs og raun meðhöndlun og þann kostnað sem að meðhöndluninni hlýst.

#### 4. **Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi - 2112034SA**

Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi sem sett var á laggirnar 16. mars sl. er í fullum gangi og ýmsir viðburðir hafa farið fram undir merkjum átaksins. Fulltrúar átaksins hafa hitt fyrir sveitarstjórnarfólk og lykilstarfsmenn í úrgangsmálum bæði á fjarfundum og staðfundum. Átakið er á vegum sambandsins og er unnið með styrk frá umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytinu og er tilgangur þess að aðstoða sveitarfélög við að innleiða nýjar kröfur vegna lagabreytinga sl. sumar.

Verkefnisstjóri greindi frá framgangi átaksins. Auk handbókar í úrgangsstjórnun, sem fjallað er um í 2. lið, er um að ræða verkefni um: 1) Innleiðingu Borgað þegar hent er kerfa, 2) Gerð svæðisáætlana fyrir meðhöndlun úrgangs og 3) Vinnu við bætt innkaupaferli í úrgangsmálum. Þessi verkefni hafa að mestu gengið samkvæmt áætlun og taka 53 af alls 64 sveitarfélögum þátt í þessum verkefnum. Einnig stendur sambandið að umsókn um verkefni um úrgangsmál í hinu byggða umhverfi, sem myndi fela í sér leiðbeiningar til sveitarfélaga og byggingaraðila um hönnun og skipulagsmál í þéttbýli.

#### 5. **Önnur mál - 2009111SA**

Rætt var um verkefni um úrbætur á úrgangstölfræði og ákveðið að óska eftir kynningu frá Umhverfisstofnun á næsta fundi verkefnisstjórnar.

Rætt var almennt um horfur varðandi innviði til úrgangsmeðhöndlunar. Ákveðið að fá Guðmund Sigurðarson hjá Vistorku á fund verkefnisstjórnar og kynna niðurstöður hagkvæmnismats fyrir fyrirætlanir um líforkuver á Norðurlandi þegar það lægi fyrir.

Verkefnisstjóri vakti athygli á áformum sem Hagstofa Íslands hefur tilkynnt um, varðandi framsetningu tölfræði eftir landshlutum.

Greint var frá fundi með Avfall Sverige 16. júní sl., þar sem einkum var rætt um fyrirkomulag framleiðendaábyrgðar í Svíþjóð.

Einnig var sagt frá aðalfundi FENÚR, Fagráðs um endurvinnslu úrgangs. Karl Eðvaldsson hjá PureNorth er nýr formaður félagsins.

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður haldinn mánudaginn 15. ágúst kl. 10-12.

Fundi lauk kl. 12.50.

Fundi var slitið kl. 12:45

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Steinþór Þórðarson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson